

Stjórnarfundur Leiðsagnar

23. ágúst 2021 kl. 18:00

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður, Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður, Valva Árnadóttir gjaldkeri, Harpa Björnsdóttir meðstjórnandi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Upphaf fundar: Tuttugu mínútum fyrir boðaðan fundartíma, eða kl 17:36, barst tölvupóstur frá ritara stjórnar, Jakobi S. Jónssyni, þar sem hann segir sig úr stjórn, trúnaðarráði og kjaranefnd. Tók HB að sér ritun fundargerðar í hans stað. Urðu eðlilega nokkrar umræður í upphafi fundar um úrsögn JSJ og ástæðuna sem hann tilgreinir, en hann segir hana vera efasemdir um störf sín í þágu félagsins. Formaður hafði í tölvupósti bent á og talið óeðlilegt að JSJ hefði farið á fund lögfræðings SAF sem fulltrúi Leiðsagnar til að undirbúa kjaraviðræður, án þess að hafa samráð við stjórn eða aðra í kjaranefnd. Taldi formaður úrsögn JSJ þó full sterk viðbrögð við réttmætri ábendingu sinni, sem sett var fram af fullri kurteisi. Átök aðila í kjaranefnd komu líka til umræðu, en samskipti JSJ sem formanns kjaranendar og annarra í nefndinni hafa verið erfið að undanfögnu. Eru allir stjórnarmeðlimir sammála um að JSJ hefur unnið vel og ötullega í þágu félagsins og er eftirsjá að kröftum hans. Rætt um nauðsyn betri samskipta og samtals og möguleika þess að JSJ endurskoði úrsögn sína að hluta eða fullu.

Gengið til boðaðrar dagskrár:

1. **Fundargerðir** stjórnarfundar 12. júlí og 26. júlí bornar upp til samþykkis. Enn þarf að gera smáleiðréttingu á orðalagi í fundargerðinni frá 12. júlí og senda stjórnarmönnum að því loknu til lokayfirlestrar. Fundargerð frá 26. júlí samþykkt.
2. **Reiknivél** á heimasíðu fyrir félagsmenn sem vera á til hagræðingar við launaútreikninga. Virkar vel gagnvart mánaðarlegum launagreiðslum en mætti bæta viðmótið varðandi verktöku. Samþykkt að fá Aron Bjarnason hjá Filmís sem hannaði reiknivélina á fund með stjórn og fara yfir hvað mætti betur fara áður en reiknivélin verður gerð aðgengileg á heimasíðu félagsins.
3. **Umræða um erlenda leiðsögumenn.** Nauðsynlegt að afla upplýsinga um hvaða kjör er verið að bjóða, er um að ræða undirboð? Oft vantar í ráðningasamning skilgreiningu á fyrirkomulagi vinnutíma, álag og annað sem hefur áhrif á launaútreikninga. Heyrst hefur af launagreiðslum allt að 40% undir viðurkenndum töxtum. Einnig að sumir erlendir ökuleiðsögumenn séu jafnvel ekki með ökuréttindi fyrir farþegaflutninga. Það er á hendi Lögreglu, Vinnustaðaeftirlitsins og Skattaeftirlits að fylgjast með þessu og krefjast nauðsynlegra gagna, en er slíkt eftirlit virkt og framkvæmt reglulega? Leiðsögn getur ekki krafist gagna en getur félagið haft frumkvæði að nauðsynlegu eftirliti? Nokkrir félagsmenn Leiðsagnar hafa farið á námskeið hjá Vinnustaðaeftirlitinu, ákveðið að heyra betur í þeim. Einnig vaknaði sú spurning hvort atvinnurekendur beri að auglýsa störf á Íslandi áður en ráðnir eru erlendir aðilar, (ath. ákvæði um frjálst flæði vinnuafis innan Schengen-svæðisins.) Einnig fóru fram nokkrar umræður um kjaranefnd og hlutverk hennar gagnvart ráðningum erlendra starfsmanna, en kjaranefnd á fyrst og fremst að skoða kjörin sem eru í boði og afla upplýsinga um þau. SSS stingur upp á að inntak ráðningasamninga - kjör, réttindi og skyldur - verði tekin upp við SAF í næstu kjaraviðræðum og unnið sameiginlega að verkferlum og úrbótum.
4. **Kjaranefnd og fundur JSJ með lögmanni SAF.** Málefni þessi voru rædd í upphafi fundar vegna úrsagnar JSJ.
5. **Kynning á leiðsögumönnum í VMA.** Verkmennaskóli Akureyrar óskaði eftir að fá kynningu á leiðsögumannsstarfinu og leiðsögunáminu. Rætt hvort einhver búsettur

norðan heiða gæti tekið þetta að sér og eftir nokkrar uppástungur tekur FR að sér að finna góðan fulltrúa okkar Norðanlands.

6. **DK-bókhaldskerfið og önnur tæknimál.** Nú þegar er RÁ starfsmaður skrifstofu og nýráðinn bókarari með aðgangsleyfi að DK-kerfinu. Núverandi gjaldkeri félagsins VÁ bendir á að hún þyrfti að fá kynningu á kerfinu. FR nefnir að hægt sé að fá stöðuyfirlit útprentað reglulega hjá bókara eða starfsmanni skrifstofu og leggur til að slíkt yfirlit liggi fyrir mánaðarlega svo stjórn geti gert sér grein fyrir fjármálum félagsins jafnóðum. Fráfarandi gjaldkeri ÓK hefur ekki skilað af sér gögnum og þarf að ganga á eftir því. Hvað varðar sjúkrasjóð þá er það aðeins stjórn sjóðsins sem hefur aðgang þar, enda oft um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, en þó nauðsynlegt fyrir stjórn LS að fá reglulega yfirlit yfir stöðu sjóðsins frá stjórn hans. Rætt um nauðsyn þess að fá félagatalið á heimsíðuna, þarf að útfæra hvernig það er framkvæmt vegna persónuverndarlaga, þ.e. með upplýstu samþykki félagsmanna. Samþykkt að athuga hvort Aron hjá FILMÍS (sem sér um mínar-síður félagsmanna) geti útbúið einfalda lausn sem væri framkvæmd á mínum síðum hvers og eins, annars þarf að finna form staðfestingar með öðrum hætti. Er málið orðið brýnt og mikið kallað eftir þessum félagalista og upplýsingum um þau tungumál sem hver og einn hefur vald á, líkt og var áður. Í dag er mikið leitað á facebook-síðu lærðra leiðsögumanna í þessum tilgangi en ætti að vera félagsins að veita þessar upplýsingar. SSS óskar eftir upplýsingum um hvaða aðili það er sem þjónustar vefsíðuna og vill að stjórnarmenn hafi aðgang að heimasíðunni til að setja inn fréttir og tilkynningar. Bæði FR og SSS lýsa yfir áhuga á námskeiði í umsýslu síðunnar.
7. **Persónuverndarfulltrúi Leiðsagnar.** JSJ hefur borið upp þá hugmynd að Leiðsögn ráði sér persónuverndarfulltrúa og hefur hugmynd hans verið rædd áður. Félaginu er ekki skylt að hafa persónuverndarfulltrúa, en það er einkum talið nauðsynlegt hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum sem stunda umfangsmikla úrvinnslu persónuupplýsinga, og tæplega er hægt að telja Leiðsögn þar með. Slíkur fulltrúi þarf að vera sérfróður í persónuverndalöggjöfni. Niðurstaða: Ekki er talið nauðsynlegt að Leiðsögn hafi persónuverndarfulltrúa á sínum snærum. Ef upp koma mál er hægt að leita til ASÍ, en ávallt sé þess þó gætt í öllum málefnum LS að virða reglur um persónuvernd eftir bestu getu.
8. **Gerðabók og innri vefur stjórnar.** Efni sem JSJ lagði til umræðu, en þar sem hann er ekki viðstaddur til að reifa málið er óljóst hvað skyldi ræða. Þó hefur verið rætt áður um að hefja uppsetningu á innri vef heimasíðu þar sem er svigrúm fyrir ákveðin trúnaðarmál. Umræðu frestað.
9. **Önnur mál.** a) SSS tók að sér að láta útbúa „flyera“ og plaköt til kynningar á félaginu. Þetta eru komið úr prentun og hefur tekist mjög vel. Nú þarf að dreifa sem víðast. b) SSS tók einnig að sér að skrifa bréf og leita góðra afsláttarkjara fyrir félagsmenn og er það svo gott sem tilbúið og verður brátt sent til viðkomandi aðila. c) Talað um nauðsyn þess að félagið sé sýnilegra, fara í herferð með t.d. greinaskrifum í blöð, á facebook, í myndböndum o.fl. d) Þarf að skipa fulltrúa stjórnar í fagdeild og hinar ýmsu nefndir, ákveðið að taka fyrir á næsta stjórnarfund. e) Rætt um starfshlutfall formanns (25%) og starfsmanns á skrifstofu (50%), en verkefnin eru mörg og væri æskilegt að auka starfshlutfall beggja, líkt og fráfarandi formaður benti á á aðalfundi. Þarf að skoða með tilliti til fjárhags félagsins. Frekari umræðu vísað til næsta fundar. f) Í þessari viku gengur FR frá leigusamningi, góður afsláttur er gefinn fram að áramótum en svo verður greitt fullt verð frá 1.1.2022. Einnig mun formaður fljótlega ganga formlega frá samningi við bókara, sem stjórn hefur lagt blessun sína yfir. g) Rætt hvort varamenn séu tilnefndir í kjaranefnd? Ef JSJ stendur við úrsögn sína þarf að manna nefndina að fullu. Þarf að fara yfir erindisbréf kjaranefndar og formanns hennar. h) Rætt um

stór íslensk fyrirtæki í ferðapjónustu sem vilja bara ráða verktaka með þeim hætti að ganga út frá launaskrá Leiðsagnar og bæta 20-30% álagi ofan á, sem flokkast sem gerviverktaka. Getur Leiðsögn staðið aðgerðalaust hjá? Þarf að ræða við SAF, vilja þau reyna að taka á þessu með okkur? Þurfum líka að leita til ASÍ og fá þeirra sjónarmið og samstöðu. í) Rætt um tilnefningu fulltrúa stjórnar í lagabreytinganefnd, nokkrar uppástungur ræddar en ákvörðun frestað til næsta fundar. Samþykkt að leita lögfræðipækkingar hjá ASÍ þegar farið verður í lagabreytingarvinnunna. j) Rætt um 50 ára afmæli félagsins sem stendur fyrir dyrum árið 2022. Hvernig á að halda upp á tímamótin? Þyrfti að gefa út afmælisrit, fara yfir söguna (sjá fyrri blöð, t.d. 40 ára afmælið). SSS stingur einnig upp á hátíð í samvinnu við aðila í ferðapjónustu. Tilnefning heiðursfélaga rædd, ekki verið gert lengi, heiðra stofnfélaga, nefnd voru Pétur Urbanvic og Birna Bjarnleifsdóttir. Væri gott að stofna sérstaka nefnd til að hefja undirbúning og athuga fjárhag félagsins og hvað hann leyfir í þessum efnum.

Fundi slitið kl. 22:15